

Alþingi  
Allsherjar- og menntamálanefnd  
150 Reykjavík

Reykjavík, 12. desember 2019  
Tilvísun: 2019112176/VIS

## Efni: Umsögn um frumvarp til laga um vernd uppljóstrara

Persónuvernd vísar til beiðni allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis frá 19. nóvember 2019 um umsögn um frumvarp til laga um vernd uppljóstrara (pskj. 431, 362. mál á 150. löggjafarþingi).

Með frumvarpinu er lagt til að starfsmenn, sem greina í góðri trú frá upplýsingum eða miðla gögnum um brot á lögum eða aðra ámælisverða háttsemi í starfsemi vinnuveitenda þeirra, hvort sem þeir starfa hjá hinu opinbera eða á einkamarkaði, baki sér með því hvorki refsí- né skaðabótaábyrgð og að þeir verði ekki látnir sæta stjórnsýsluviðurlögum eða íþyngjandi úrræðum starfsmannaréttar. Þá gerir frumvarpið ráð fyrir að miðlun upplýsinga eða gagna, í framangreindu skyni, teljist ekki brot á þagnar- eða trúnaðarskyldu starfsmanns, að uppfylltum ákveðnum skilyrðum.

### 1.

Persónuvernd fékk drög að ofangreindu frumvarpi til umsagnar frá forsætisráðuneytinu þann 11. janúar 2019, sbr. umsögn stofnunarinnar frá 8. febrúar 2019 (mál nr. 2019/0063). Komið hefur verið til móts við tillögu Persónuverndar um orðalagsbreytingu sem fram kom í umsögninni. Er þannig í 1. mgr. 1. gr. og 1. mgr. 2. gr. frumvarpsins nú notað orðalagið „í starfsemi vinnuveitenda“ í stað „vegna starfsemi vinnuveitenda“ líkt og áður var. Þá kemur fram í athugasemdum með 1. gr. frumvarpsins að tilvísun til starfsemi vinnuveitenda feli í sér að þær undanþágur frá þagnarskyldu sem frumvarpið gerir ráð fyrir taki ekki til upplýsinga um einstaklinga sem til vinnuveitenda leiti, t.d. sjúklinga sem notið hafa þjónustu heilbrigðisstarfsmanna, þeirra sem leitað hafa til presta vegna sálusorgunar eða óskað lögmannsaðstoðar. Orðalagið „í starfsemi vinnuveitenda“ sé notað, að tillögu Persónuverndar, í ljósi mikilvægis þess að einstaklingar geti notið trúnaðar í samskiptum við fagstétir sem bundnar eru þagnarskyldu.

Er skilningur Persónuverndar á umræddum ákvæðum því sá að vernd uppljóstrara samkvæmt 4. gr. frumvarpsins feli ekki í sér refsileyi fyrir brot gegn lögbundinni þagnar- eða trúnaðarskyldu fagstétta, lúti brotið að miðlun upplýsinga um einstaklinga sem til viðkomandi fagaðila hafa leitað, sbr. framangreinda umfjöllun í athugasemdum við 1. gr. frumvarpsins.



## 2.

Í 4. mgr. 2. gr. og 3. mgr. 3. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir því að móttakandi upplýsinga eða gagna, sem miðlað hefur verið í samræmi við ákvæði 2. eða 3. gr. frumvarpsins, skuli gæta leyndar um persónuupplýsingar sem honum berast um þann sem miðlar upplýsingum eða gögnum nema viðkomandi veiti afdráttarlaust samþykki sitt. Ljóst er að þau gögn og þær upplýsingar sem kann að verða miðlað á grundvelli umræddra ákvæða geta verið af ýmsu tagi og því ekki loku fyrir það skotið að slík gögn eða upplýsingar kunni að hafa að geyma persónuupplýsingar um aðra einstaklinga en þann sem miðlar þeim. Í ljósi þessa leggur Persónuvernd til að við ákvæði 4. mgr. 2. gr. og 3. mgr. 3. gr. frumvarpsins verði bætt málslíð sem tekur öll tvímæli af um að um vinnslu persónuupplýsinga, sem miðlað er á grundvelli 2. og 3. gr. frumvarpsins, gildi lög nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

## 3.

Í 5. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir því að settar skuli skriflegar reglur um verklag við uppljóstrun starfsmanna um lögbrot eða aðra ámælisverða háttsemi í fyrirtækjum eða öðrum vinnustöðum þar sem eru 50 starfsmenn eða fleiri. Fram kemur í greininni að reglurnar skuli meðal annars kveða á um móttöku, meðhöndlun og afgreiðslu tilkynninga um hugsanleg lögbrot eða aðra ámælisverða háttsemi í starfsemi vinnuveitanda. Að mati Persónuverndar er brýnt að í slíkum reglum verði einnig fjallað um varðveislu þeirra gagna sem miðlað er eða sem verða til við fyrrnefndar tilkynningar, varðveislutíma þeirra og hvernig öryggi gagnanna skuli tryggt. Er því lagt til að orðalag 5. gr. frumvarpsins verði gert ítarlegra að þessu leyti.

## 4.

Persónuvernd áréttar mikilvægi þess, sem fram kemur í almennum athugasemdum með frumvarpinu, að verði það að lögum verði að skýra ákvæði þess til samræmis við undirliggjandi mannréttindaákvæði, þeirra á meðal ákvæði um friðhelgi einkalífs, sbr. 71. gr. stjórnarskrárinnar og 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu. Jafnframt er nauðsynlegt að gætt verði að meginreglum persónuverndarlaga, meðal annars um sanngirni og áreiðanleika við vinnslu persónuupplýsinga, sbr. 1. og 4. tölul. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 90/2018, einkum við mat á því hvort upplýsingar hafi verið veittar í góðri trú.


Loks ítrekar Persónuvernd það sem fram kom í áður nefndri umsögn stofnunarinnar til forsætisráðuneytisins, dags. 8. febrúar 2019, að brýnt þykir áður en frumvarpið verður að lögum að fram fari mat á áhrifum á persónuvernd, svo og ítarlegt hagsmunamat, þar sem litið verði til þeirra almennu persónuverndarsjónarmiða sem á reynir við meðferð persónuupplýsinga annars vegar, og þess hvort vinnslan teljist nauðsynleg með tilliti til almannahagsmuna hins vegar, sbr. 10. mgr. 35. gr., 1. mgr. 85. gr. og 23. gr. persónuverndarreglugerðarinnar, (ESB) 2016/679, sbr. einnig 1. mgr. 6. gr. og 4. mgr. 17. gr. laga nr. 90/2018, um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, en svo virðist sem slíkt mat hafi enn ekki verið framkvæmt.



Ekki eru að öðru leyti gerðar athugasemdir við efni frumvarpsins. Verði frekari umsagnar óskað um einstök atriði verður hún fúslega veitt.

F.h. Persónuverndar,

  
Helga Þórisdóttir

  
Helga Sigríður Þórhallsdóttir